

Leikhúsfærð

FVSA hefur ákveðið að bjóða lífeyrisþegum félagsins í leikhús laugardaginn 20. mars nk. Farið verður að Breiðumýri í Reykjadal á leikverkið „Ólafía“, eftir Hörð Þór Benónýsson. Höfundur tónlistar er Jaan Alavere og Arnór Benónýsson er leikstjóri.

Nánari upplýsingar og skráning á skrifstofu félagsins og í síma 462 1635 til 9. mars nk.

Orlofshúsin – þrjú nýir valkostir í boði

Félagsmönnum Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni bjóðast fjölbreyttir valkostir í sumar hvað varðar sumarhús og íbúðir.

Mun fleiri vikur verða í boði í orlofshúsum en í fyrra, en boðið verður upp á þrjú nýja valkosti, tvo bústaði í Grímsnesi, Kjarrengei og Nónhvamm, og Flókalund í Vatnsfirði. Einnig verða í boði tvær íbúðir í Reykjavík, tvö hús á Illugastöðum, Skógarsel í Vaglaskógi, hús í Ölfusborgum og hús á Einarstöðum á Héraði. Leyfilegt er að hafa með sér gæludýr í bústaðinn Kjarrengei í Grímsnesi, en gæludýr eru stranglega bönnuð í öðrum húsum félagsins. Dæmi eru um að slæm ofnæmistilfelli hafi komið upp.

Auk orlofshúsa býður félagið 75 orlofsstyrki allt að kr. 15.000 vegna gistikostnaðar á orlofstímabilinu og afslætti hjá Hótel Eddu, Fosshótelum og gistiheimili í Reykjavík.

Nánar er sagt frá þeim húsum og íbúðum sem í boði eru í sumar á bls. 4, 5 og 6 í fréttabréfinu.

Rafrænar umsóknir

Það þarf að sækja um orlofshús og orlofsstyrki á

rafrænan hátt á félagavefnum sem er á www.fvsa.is, og því fylgir ekki umsóknareyðublað með fréttabréfinu eins og undanfarin ár. Nánar er fjallað um félagavefinn hér neðar á síðunni.

Umsóknarfrestur um orlofshús og orlofsstyrki vegna sumarleigu er til 22. mars nk. Umsækjendur fá skriflegt svar um úthlutunina fyrir mánaðarmót mars/apríl.

Athugið! Engin endurúthlutun verður í ár. 15. apríl er síðasti dagur til að ganga frá greiðslu varðandi orlofshús og þann 19. apríl verður opnað á netinu fyrir það sem enn verður laust og þá gildir fyrstur kemur, fyrstur fær.



Flókalundur.

Félagavefur í gagnið

Á aðalfundi félagsins fór félagavefur FVSA í loftið, en hann veitir félagsmönnum aðgang að upplýsingum um stöðu þeirra hjá félaginu.

Félagsmenn skrá sig inn með því að ýta á hnappinn Félagavefur sem finna má fyrir ofan efstu frétt á forsiðu heimasíðunnar www.fvsa.is. Með því hafa félagsmenn möguleika á að skoða iðgjaldasögu sína, punktastöðu og punktastöðu, greiðslusögu vegna bóta og styrkja og úthlutunarsögu vegna orlofshúsa. Jafnframt býður félagavefurinn upp á að félagsmenn geti skoðað upplýsingar

um stöðu orlofshúsa, en nú þarf að sækja um og bóka orlofshús rafrænt og greiða fyrir með greiðslukorti. Þeir sem ekki eru með greiðslukort eða hafa ekki aðgang að tölvu þurfa að hafa samband við skrifstofuna og þá sjá starfsmenn hennar um að bóka.

Allir félagsmenn FVSA komast á félagavefinn en einungis fullgildir félagar geta pantað í gegnum hann.

Veflykill

Þegar komið er inn á félagvefinn í fyrsta sinn þarf að sækja um aðgang, það er gert undir liðnum innskráning. Þar þarf að ýta á hnappinn *Sækja um aðgang að vef*, slá inn kennitöluna og veflykill verður sendur í heimabanka. Veflyklar eru ekki gefnir upp í síma eða sendir í tölvupósti, þar sem upplýsingar sem þar eru falla undir lög um persónuvernd. Þeir félagar sem ekki hafa heimabanka geta fengið veflykil sendan í pósti á lögheimili með því að óska eftir því við starfsmann félagsins í síma 462-1635 eða senda tölvupóst með upplýsingum til fvsa@fvsa.is.

Félagavefur býður upp á sama gagnaöryggi og netbankar. Innskráning fer fram með kennitölu og lykilorði. Meðferð kortaupplýsinga og greiðslna á félagavef fer í gegnum örugga þjónustu frá Valitor, sem tryggir að þeim stöðlum og reglum sem gilda þar um sé fylgt.





Aðalfundur Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni (FVSA) var haldinn í Alþýðuhúsinu á Akureyri mánudaginn 8. febrúar sl. og var góð mæting á fundinn. Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, formaður félagsins, kynnti skýrslu stjórnar, Hermann Brynjarsson endurskoðandi fór yfir reikninga félagsins, Eiður Stefánsson, starfsmaður FVSA, fór yfir og kynnti nýjan félagavef FVSA og nýja heimasíðu félagsins og Elsa Sigmundsdóttir, ráðgjafi í starfsendurhæfingu, kynnti starfsemi Virks starfsendurhæfingsjóðs.

Í árslok 2009 voru fullgildir félagsmenn 1.807; 697 karlar og 1.110 konur. Þar af eru 308 gjaldfrjálsir, en það eru starfandi félagsmenn 67 ára og eldri svo og lífeyrisþegar.

Starfsemin litast af þjóðfélagsástandi

Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, formaður FVSA, kynnti skýrslu stjórnar. Í máli hennar kom m.a. fram að samdráttur í atvinnu hafi komið niður á rekstri félagsins vegna minni iðgjaldatekna og að starfsemi félagsins hafi á margan hátt verið lituð af því erfiða þjóðfélagsástandi sem landsmenn hafa búið við undanfarið ár. „Atvinnuleysi, minnkandi tekjur og óöryggi á flestum sviðum hefur kallað á meiri þjónustu við félagsmenn sem leitað hafa til skrifstofunnar vegna kjara- og réttindamála og ýmissa vandamála sem upp koma á vinnustöðum við þessar aðstæður.“

Úlfhildur sagði nokkur orð um það sem er allra alvarlegast í okkar félagslega umhverfi, atvinnuleysið sem við

höfum ekki áður kynnst í svo miklum mæli Íslendingar. „Félagsmenn okkar virðist verða sértaklega fyrir barðinu á minnkandi atvinnu. Aðeins einn vinnuveitandi greiddi til félagsins hærra upphæð í félagsgjöld en Vinnuálastofnun gerði á síðasta ári og stofnunin var með flesta félagsmenn á launaskrá á árinu eða 258 manns. Stofnanir ríkisins, Vinnuálastofnun og Fæðingarorlofsjóður, greiða ekki sjúkra-, orlofs- eða starfsmenntasjóðsiðgjöld til stéttarféлага svo það gefur auga leið að með vaxandi fjölda atvinnulausra eykst tekjutap félagsins hlutfallslega meira en ella. 258 einstaklingar greiddu af atvinnuleysisbótum til félagsins á árinu en sá vinnuveitandi sem var næstur greiddi af 209 starfsmönnum til félagsins,“ sagði Úlfhildur m.a. er hún flutti skýrslu stjórnar.

Úlfhildur þakkaði öllu því góða fólki sem starfaði fyrir félagið á síðasta ári. Stjórn og varastjórn, fulltrúaráði félagsins, trúnaðarmönnum og skoðunarmönnum reikninga. „Þá vil ég sérstaklega þakka Elísabetu Hallgrímsdóttur fyrir vel unnin störf, en hún gaf ekki kost á sér til áframhaldandi starfa í varastjórn félagsins. Hún var mörg ár í fulltrúaráðinu en hefur setið í varastjórn undanfarin ár.“

Tillaga um lækun

Á fundinum lögðu þrír félagsmenn fram tillögu um að lækka félagsgjaldið í 0,7% úr 1% eins og það er í dag. Þó nokkrar umræður urðu um tillöguna áður en greidd voru atkvæði um hana, en þar var hún felld með yfirgnæfandi meirihluta.

Skrifstofan á Siglufirði

Skrifstofa stéttarfélaganna á Siglufirði var opnuð á nýjum stað á síðasta ári, Eyrargötu 24 neðri hæð. Vel á þriðja hundrað manns mættu á opunarhátíð þar sem boðið var upp á kaffi og meðlæti.

Skrifstofuhúsnæðið hýsir skrifstofu fimm stéttarféлага, þ.e. Einingar-Iðju, Fagfélagsins, Félags málmíðnaðarmanna Akureyri, Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni og Sjómannafélags Eyjafjarðar. Það er að segja félögin sem Siglfirskt launafólk í Vöku sameinaðist um áramótið 2007-2008.

Starfsmaður á Siglufirði er Margrét Jónsdóttir, (magga@ein.is), og er skrifstofan opin virka daga frá



kl. 9 til 12 og 13 til 16 nema á föstudögum, þá er opið frá kl. 9 til 15. Síminn er 460 3600.

„Alltaf haft áhuga á félagsmálum,“ segir Anna María

Á aðalfundi félagsins kom Anna María Elíasdóttir, launa-fulltrúi hjá Ramma hf. á Ólafsfirði, ný inn í varastjórn. Af því tilefni var hún spurð hvenær og hvernig afskipti hennar af starfi félagsins hófust. „Í mínu tilfelli kom það til vegna þess að fyrir einum 6 til 8 árum vantaði varamann í fulltrúaráð af svæðinu hér út með Eyjafirði. Úlfhildur hringdi í mig og hvatti mig til að taka sæti í fulltrúaráði og þar með hófst mín þátttaka í starfinu. Ég hef starfað í þessum geira nánast allan minn starfsaldur, í verslunum eða á skrifstofu, og hafði mætt á nokkra almenna fundi hjá félaginu. Ég hef alltaf haft áhuga á félagsmálum og kannski hef ég verið að tjá mig um eitt-hvað á fundi og vakið athygli stjórnarinnar, man það ekki, get stundum ekki þagað,“ segir Anna og hlær.

Önnu finnst spennandi að vera komin í varastjórn og vonar að hún verði til gagns fyrir félagið. „Ég held að sú stjórn sem setið hefur undanfarin ár sé að gera mjög góða hluti. Að sjálfsögðu viljum við ná betri árangri í launamálum, of margir hafa lengi verið með of lág laun. Ástandið í landinu lofar ekki góðu fyrir okkar hönd á næstu mánuðum en vonandi rofar til fyrr en seinna



Varastjórn félagsins fylgist vel með á síðasta aðalfundi. F.v. Hildur, Anna María og Árni.

þannig að félagsmenn nái að rétta betur sinn hlut þegar þar að kemur.“

Anna segir að henni sé mjög umhugað um að félagið standi vörð um unga fólk sem vinnur mikið í stórmörkuðunum. „Oft eru þau ekki meðvituð um sinn rétt. Félagið þarf að huga að þessu og vera með góðar upplýsingar fyrir þau sem hægt væri að senda til þeirra, t.d. um leið og farið er að greiða af þeim félagsgjöld,“ segir Anna að lokum.

Stjórn og fulltrúaráð

Aðeins einn listi barst við kjör í stjórn félagsins og fulltrúaráð. Einnig barst aðeins einn listi varðandi kjör í stjórn sjúkrasjóðs félagsins og því sjálfkjörið í stjórn, trúnaðarráð og stjórn sjúkrasjóðs á aðalfundi félagsins.

Stjórnin er því óbreytt frá fyrra ári, en í henni eiga sæti: Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, formaður FVSA; Einar Hjartarson Eimskip; Friðbjörg Jóhannsdóttir, Samkaupum Dalvík; Eiður Stefánsson, FVSA og Svavar Hannesson, Vörður tryggingar hf.

Í varastjórn eru Hildur Tryggvadóttir, Húsasmiðjuni Lónsbakka, Árni Þorvaldsson BYKO og Anna María Elíasdóttir, Rammi hf. Ólafsfirði. Ein breyting varð á varastjórn en Anna María kom inn í stað Elísabetu Hallgrímsdóttur.



Stjórn FVSA 2010-2011, efri röð f.v.: Eiður Stefánsson, Friðbjörg Jóhannsdóttir og Svavar Hannesson. Neðri röð f.v.: Einar Hjartarson og Úlfhildur Rögnvaldsdóttir.

Skoðunarmenn reikninga félagsins voru kjörnir þeir Gylfi Pálsson, Fóðursölunni-Bústólpa og Eiður Eiðsson, Kjarnafæði. Til vara var kjörin Sigríður Jónsdóttir, Slippnum Akureyri.

Þrjár breytingar á fulltrúaráði

12 aðalmenn og sex varamenn í Fulltrúaráð félagsins voru kjörnir til eins árs á fundinum. Þrjár breytingar urðu á ráðinu, tveir komu inn nýir sem aðalmenn og einn sem varamaður.

Fulltrúaráð

Erla Bjarnadóttir,	Höldur
Agnes Reykdal,	BYKO
Heiðar K. Ólafsson,	Nettó Glerártorgi
Helga Eymundsdóttir,	Blikkrás
Guðmundur Kristjánsson,	Húsasmiðjan Dalvík
Einar Pálsson,	Olís
Sigurlaug Hinriksdóttir,	Strax Byggðavegi
Erna Magnúsdóttir,	BSO
Gíslína Benediktsdóttir,	Brauðgerð Kr. Jónssonar
Guðjón Rúnar Guðjónsson,	Flugfélag Íslands
Helga Steingrimsdóttir,	Úrval Hrísalundi
Jón Grétar Rögnvaldsson,	Penninn-Eymundsson

Varamenn í fulltrúaráð

Signý Sigurðardóttir,	Nettó Glerártorgi
Elín Anna Guðmundsdóttir,	VÍS
Baldur Ingi Karlsson,	Ljósgefjafinn/Siemensbúðin
Ari Erlingur Arason,	N1
Aníta Ósk Stefánsdóttir,	Hagkaup
Iðunn Ósk Óskarsdóttir	Penninn/Eymundsson

Stjórn sjúkrasjóðs

Úlfhildur Rögnvaldsdóttir
Guðríður Þorsteinsdóttir
Júlía Sjón Sigurjónsdóttir
Álfhildur Vilhjálmsdóttir
Þórdís Bjarnadóttir

Varamenn í stjórn sjúkrasjóðs

Lilja Jóhannsdóttir
Sigurbjörg Gunnólfsdóttir
Kristín Þorgilsdóttir



Ljósheimar 6, Reykjavík

(Tvær íbúðir)

Lýsing: Tvær þriggja herbergja íbúðir í Ljósheimum 6, á sjöttu og sjöundu hæð. Íbúðirnar eru vel búnar og vistlegar. Tvö svefnherbergi eru í hvorri íbúð, góð stofa, vel búð eldhús og baðherbergi með sturtu. Rúmföt fylgja og lín á þau. Gistipláss er fyrir sex manns í hvorri íbúð.

Skiptidagar: Íbúðirnar eru leigðar í viku í senn og skipt á miðvikudögum. Íbúðirnar eru til afhendingar kl. 16 en dvalargestir þurfa að skila íbúðunum kl. 14 á skiptidögum.



Verð kr. 18.000,-

Leigutími: Allt árið.
(Sumarleiga frá 19. maí.)



Lyklar: Afhendast á skrifstofu FVSA.

Okkar álit: Sívinsælar íbúðir, enda á góðum stað á höfuðborgarsvæðinu. Verslunarmiðstöðin í Glæsibæ er rétt við húsið og stutt í Laugardalinn, Skeifuna og fleiri staði.

Skógarsel, Vaglaskógi

Lýsing: Nýtt og glæsilegt sumarhús á skemmtilegum stað á bökkum Fnjóskár og í miðjum Vaglaskógi. Í húsinu eru fjögur svefnherbergi, góð stofa, eldhús með öllum búnaði, borðstofa, tvö baðherbergi og þvottaherbergi. Gistipláss er fyrir tólf manns. Rúmföt fylgja en án líns. Við húsið er stór sólpallur, þar er m.a. heitur pottur. Umhverfis húsið er stór girtur garður og í honum eru barnaleiktæki og barnahús.

Skiptidagar: Húsið leigist í eina viku í senn. Afhending hússins til komugesta er kl. 16 á föstudögum en dvalargestir þurfa að afhenda húsið kl. 12 á skiptidögum.

Lyklar: Afhendast á skrifstofu FVSA.

Okkar álit: Frábært umhverfi, veðursæll og rómaður staður



fyrir fjölskylduna. Hægt er að tjalda á lóðinni og því er þetta staður stórfjölskyldunnar.

Verð kr. 37.000,-

Leigutími: Allt árið. (Sumarleiga frá 21. maí.)

Illugastaðir: Hús nr. 2 og 19

Lýsing: Tvö hús í sumarhúsabyggðinni á Illugastöðum í Fnjóskadal. Þetta eru bjálkahús byggð árin 2001 og 2004. Í húsunum eru tvö svefnherbergi, vel búð eldhús, stofa og baðherbergi með sturtu. Svefnrými er fyrir 6 manns í húsi nr. 2 en svefnpláss fyrir 10 manns í húsi nr. 19, sem er á tveimur hæðum. Svefnsofi er í stofu á efri hæð og gistipláss fyrir tvo á neðri hæð. Það er því tilvalið fyrir stórfjölskylduna en hentar ekki síður minni hópum.

Árið 2006 var lokið við að leggja hitaveitu á svæðið og því var hægt að leggja vatnshitakerfi í húsin. Sólpallar voru stækkaðir og heitir pottar settir við húsin.

Rúmföt fylgja, án líns, sem hægt er að leigja hjá umsjónarmanni í þjónustumiðstöð. Á svæðinu er sundlaug með heitum potti, minigolf, barnaleikvöllur og lítil verslun.

Skiptidagar: Húsin leigjast í eina viku í senn. Afhending húsa til komugesta er milli kl. 17 og 21 á föstudögum en dvalargestir þurfa að afhenda húsið eigi síðar en kl. 15 á skiptidögum.

Lyklar: Afhendast hjá umsjónarmanni á Illugastöðum.



Okkar álit: Klassískur fjölskyldustaður eins og hann gerist bestur hér á landi. Mikið við að vera og óteljandi möguleikar á dagsferðum, gönguferðum og annarri afþreyingu.

Vetrarleiga: Orlofshúsin á Illugastöðum eru einnig leigð yfir vetrarmánuðina, en þá er um sólarhringsleigu að ræða.

Verð Nr. 2: kr. 18.000,-

Verð Nr. 19: kr. 20.000,-

Leigutími: Allt árið. (Sumarleiga frá 21. maí.)

Flókalundur í Vatnsfirði á Barðaströnd

Leigutímabil: 11. júní til 20 ágúst. **Verð: Kr. 16.000,-**

Lýsing: Þessi staður er nú í boði fyrir félagsmenn í fimmta sinn, síðast 2007, og nýtur hann mikilla vinsælda. Í húsinu eru tvö svefnherbergi, með alls fimm til sex svefnplássum, stofa, eldhús með öllum algengustu eldhústækjum eins og hellu með ofni og örbylgjuofni. Sjónvarp er í húsinu og kolagrill. Sundlaug með heitum potti er einungis til afnota fyrir gesti sem dveljast í orlofshúsabygginginni.

Skiptidagar/Lyklar: Orlofshúsin eru leigð viku í senn frá föstudegi til föstudags. Leigutakar koma milli kl. 16:00 og 21:00, brottför í síðasta lagi kl. 12:00. Lyklar fást hjá umsjónarmanni gegn framvísun leigusamnings. Leigutaki



verður að vitja lykla á auglýstum tíma. Ef það dregst er nauðsynlegt að láta umsjónarmann vita. Að öðrum kosti er ekki tryggt að lyklar fáiast afhentir við komu. Umsjónarmaður er Gunnar Karl Garðarsson, sími 456 2044.

Okkar álit: Skemmtileg staðsetning og rómuð veðursæld. Ýmsir möguleikar í dagsferðum, gönguferðum, fjöruferðum og þannig mætti áfram telja.

Nónhvammur í Grímsnesi

Leigutímabil: 4. júní til 20. ágúst. **Verð: Kr. 29.000,-**

Lýsing: Bústaðurinn stendur sunnan í Nónhólahvammum, sem er fallegur staður í um 45 mín. akstri frá höfuðborginni eða um 65 km frá Reykjavík og 18 km frá Selfossi. Hann var byggður 2008 og er um 77 m² að stærð. Í honum eru þrjú svefnherbergi, svefnpláss fyrir sjö fullorðna. Í eldhúsinu eru öll helstu tæki, búnaður og áhöld fyrir almenna matargerð. Fyrir utan er rúmgóð verönd með heitum potti, gasgrilli og garðhúsgögnum.

Skiptidagar: Bústaðurinn leigist í eina viku í senn. Afhending bústaðarins til komugesta er eftir kl. 16. á föstudögum en dvalargestir þurfa að rýma bústaðinn eigi síðar en kl. 12 á skiptidögum.

Lyklar: eru í lyklaboxi og nr. á lás er í leigusamningi.

Útivist og nágrenni: Ágætar gönguleiðir eru upp á fjallið Búrfell (536 metrar á hæð) en þaðan er einstakt útsýni. Gangan tekur um 1½ - 2 klst. frá bænum Búrfelli. Ýmsar mestu náttúruperlur og merkisstaðir landsins eru á svæðinu. Sundlaug er á Borg og íþróttaaðstaða. Verslanir



fyrir nauðsynjavöru og matsölustaðir eru Selfossi, Þrastarlundi og á Borg.

Okkar álit: Þægilegur staður í hjarta Suðurlands með mikla möguleika á dagsferðum í allar áttir.

Það sem fólk þarf sérstaklega að taka með sér er:

Lín í rúm, diskapurrkur og handklæði.

GPS Hnit: 64° 4,026'N, 20° 56,725'W (ISN93: 405.046, 397.460)

Kjarrengi 7 í Grímsnesi

Leigutímabil: 11. júní til 13. ágúst. **Verð: Kr. 29.000,-**

ATH! Gæludýr eru leyfð í bústaðnum!

Lýsing: Bústaðurinn er í um það bil 45 mín. akstri frá höfuðborginni og er um 100 m² að stærð. Í honum eru þrjú svefnherbergi. Í tveimur þeirra eru hjónarúm og í því þriðja er svefnsofi. Lítið mál er að bæta við rúmum og dýnum. Í eldhúsinu eru öll helstu tæki, búnaður og áhöld fyrir almenna matargerð. Fyrir utan er rúmgóð verönd með gasgrilli og garðhúsgögnum. Bústaðurinn nýtist jafnvel fyrir stóra sem litla hópa.

Skiptidagar: Bústaðurinn leigist í eina viku í senn. Afhending bústaðarins til komugesta er eftir kl. 16. á föstudögum en dvalargestir þurfa að rýma hann eigi síðar en kl. 12 á skiptidögum.

Lyklar: Afhendast á skrifstofu FVSA.

Útivist og nágrenni: Fallegt umhverfi, kjörið til gönguferða og að njóta náttúru og kyrrðar. Keríð er til dæmis í göngufæri. Fimm mínútna akstur að Minniborg, þar er



verslun og sundlaug. 10 mín í verslun á Selfoss og 15 mín á Þingvöll og 25 mín á Gullfoss og Geysi.

Okkar álit: Þægilegur staður í hjarta Suðurlands með mikla möguleika á dagsferðum í allar áttir.

Það sem fólk þarf sérstaklega að taka með sér er: Lín.

GPS Hnit: 64° 2,974'N, 20° 53,330'W (ISN93: 407.748, 395.422)

Kynntu þér reglurnar um orlofsuppbót!



Einarsstaðir

Lýsing: Húsið, sem er nr. 19, skiptist niður í þrjú svefnherbergi, stofu, eldhús og baðherbergi með sturtu. Í tveimur herbergjanna er tvíbreitt rúm og kofa þar yfir, en kofur í minna herberginu. Kolagrill og garðhúsgögn eru við öll hús-in. Hjá umsjónarmanni er hægt að fá leigt lín og handklæði, einnig er hægt að fá lánað barnarúm, barnastól og aukadýnur. Í húsunum er allur búnaður miðaður við átta manns. Örbylgjuofn, sjónvarp og útvarp eru í öllum húsunum.

Skiptidagar: Húsið leigist í eina viku í senn. Afhending hússins til komugesta er milli kl. 16 og 19 á föstudögum en dvalargestir þurfa að rýma það eigi síðar en kl. 12 á skiptidögum.

Lyklar: Afhendast hjá umsjónarmanni.

Okkar álit: Þægilegur staður í hjarta Austurlands með mikla möguleika á dagsferðum í allar áttir. Mikil afþreying er í boði á þessu svæði.

Leigutími: 11. júní - 13. ágúst. **Verð kr. 16.000,-**



Orlofsbyggðin Ölfusborgum

Lýsing: Í sumar verður eitt hús í boði í orlofsbyggðinni í Ölfusborgum í leiguskiptum við VR. Vel búið hús á skemmtilegum stað, með tveimur svefnherbergjum og á staðnum er gistingualeiki fyrir sex til átta manns.

Rúmföt fylgja, án líns, en hægt er að leigja rúmföt á staðnum. Eldhús með öllum búnaði, góð stofa og baðherbergi með sturtu. Heitur pottur er við húsin og leiktæki eru fyrir börn á útisvæði. Sólstofa er við annað húsið. Stutt er í Hveragerði, þar eru verslanir, ýmis þjónusta og afþreying.

Skiptidagar: Húsið leigist í eina viku í senn. Afhending til komugesta er milli kl. 15 og 21 á föstudögum en dvalargestir þurfa að rýma húsið kl. 12 á skiptidögum.

Lyklar: Afhendast hjá umsjónarmanni í Ölfusborgum.

Okkar álit: Góður orlofskostur í grónu sumarhúsahverfi. Margir möguleikar í ferðum um Suður- og Suðvesturland.

Leigutími: 25. júní - 27. ágúst. **Verð kr. 18.000,-**

Ekki bara hús í boði!

Undanfarin ár hefur FVSA boðið upp á orlofsstyrki og hefur þeim verið mjög vel tekið af félagsmönnum. Sumarið 2010 verður félagsmönnum boðið upp á 75 orlofsstyrki að upphæð allt að kr. 15.000. Styrkirnir eru veittir vegna gisti-kostnaðar á tímabilinu 1. maí til 15. september 2010.

Umsóknarfrestur um orlofshús og orlofsstyrki vegna sumarleigu er til 22. mars 2010. Sótt er um orlofshús og orlofsstyrki á félagavefnum. Sækja má bæði um orlofshús og orlofsstyrk en aðeins öðru er úthlutað. Umsækjendur fá skriflegt svar um úthlutunina fyrir mánaðarmót mars/apríl.

Í öllum íbúðum og sumarhúsum félagsins er boðið upp á sjónvarp og útvarp. Þá er samnanbrjótanlegt ungbarnarúm á öllum stöðum, sem og ungbarnastólar.

Félagið mun selja, eins og sl. sumar, niðurgreidda gistimiða á Edduhótelin víðs vegar um landið. Nánari upplýsingar um staðsetningar hótela má finna á www.hoteledda.is. FVSA er einnig með samning um 25% afslátt af listaverði á 10 Foss-hótelum um land allt og 10% afsláttur á gistiheimili í Reykjavík. Sjá nánar á www.fosshotel.is.



Félagið selur miða í Hvalfjarðargöng á kr. 580. Hægt

er að greiða með greiðslukorti. Í ár var ákveðið að bjóða félagsmönnum til sölu Veidikortið 2010, en það gildir á 32 vatnasvæði. Kortið er til sölu á skrifstofunni á Akureyri og kostar kr. 4.800. Nánari upplýsingar um kortið má finna á www.veidikortid.is.

Vetrarleiga

Tilhögun leigu til maí 2010

Útleiga er þannig háttáð að fyrsta virkan dag hvers mánaðar er byrjað að taka niður pantanir í næsta mánuð á eftir. Dæmi: 4. janúar er tekið á móti pöntunum vegna febrúar-mánaðar, ef margir óska eftir sama leigutímabili er í lok þess dags úthlutað eftir sömu reglum og gilda yfir sumartímam þ.e. hvenær fékk viðkomandi síðast úthlutað/lengd félagsaðildar. Eftir þennan fyrsta dag er farið eftir reglunni - *fyrstur kemur, fyrstur fær* - . Á félagavefnum er þá hægt að sjá hvað eftir stendur og ganga frá pöntun þar.

Verð:

Íbúðir í Reykjavík, helgarpakki fimmtudagur til sunnudags kr. 15.000,- viðbótar sólarhringur kr. 3.000,-

Skógarsel, Vaglaskógi helgarleiga 3 nætur kr. 23.000,-

Illugastaður nr. 2 og 12 helgarleiga 3 nætur kr. 10.000,-

Nr. 19 helgarleiga 3 nætur kr. 13.000,-

Sumarferð FVSA

Fyrirhuguð er dagsferð miðvikudaginn 16. júní 2010. Siglt verður með Húna II. frá Grenivík norður Eyjafjörð meðfram hinni ægifögru Látraströnd og Gjögnum. Stoppað í Þorgeirsfirði,

Hvalvatnsfirði og við Flatey. Siglt verður til Húsavíkur og keyrt þaðan til baka til Akureyrar.

Nánari upplýsingar og skráning á skrifstofu FVSA í síma 462 1635.

Sjúkrasjóður FSVA

Á árinu 2009 voru greiddir út 1.527 styrkir úr sjúkrasjóði félagsins að upphæð um kr. 39 milljónir króna, en það er lækun um kr. 3,5 milljónir milli ára. Undanfarin ár hefur um helmingur greiðslna úr sjúkrasjóði verið í formi dagpeninga. Í fyrra voru þeir 15,8 milljónir en voru rúmar 20 milljónir árið áður. Alls fengu 39 félagsmenn greidda sjúkradagpeninga miðað við 62 árið áður, þessi fjákkun er illskýranleg því hjá öðrum stéttarfélögum er þetta þveröfugt, þar hafa sjúkradagpeningar hækkað. Um 11,2 milljónir eru vegna sjúkraþjálfunar og sjúkrannudds, 6 milljónir vegna heilsuræktar, um 2 milljónir fóru í gleraugnastyrki og lasík-augnaðgerðir og 1,5 milljón í dánarbætur. Um ein milljón var greidd út vegna krabbameinsleitar og HL-stöðvar og niðurgreiðsla lyfjakostnaðar var um 500 þúsund krónur. Hlutfall styrkjanna hækkaði sem sagt á kostnað dagpeninganna og voru nærri milljón hærri en árið áður.

Þó styrkir séu eyrnamerkir vegna þeirra atriði sem hér koma fram, þá geta félagsmenn sótt um styrki vegna annarra atriða, stjórn sjúkrasjóðs tekur þær umsóknir þá sérstaklega fyrir og athugar hvort viðkomandi hafi ekki nýtt sér þá styrki sem í boði eru. Hámarksgreiðsla styrkja til hvers félagsmanns er kr. 70.000.- á ári óháð inngreiðslu hans til félagsins.

Sjóðsfélagar fá eftirtalda styrki greidda úr sjúkrasjóði:

Styrkir eru greiddir einu sinni í mánuði (fyrsta virkan dag hvers mánaðar)

Sjúkraþjálfun:	Greiðist að fullu
Krabbameinsleit:	Greiðist að fullu upphæð Leitarstöðvar
Líkamsrækt:	35%, hámark kr. 15.000
Sálfræðiþjónusta:	35%, hámark kr. 20.000
Nudd utan TR:	35%, hámark kr. 20.000
Gleraugnagler:	35%, hámark kr. 15.000 á 3ja ára fresti
Vímuefna meðferð:	Sjúkradagpeningar meðan á meðferð stendur
HL-endurhæfing:	70%
Gigtarleikfimi:	70%
Lyfjakostnaður:	50% af upphæð umfram kr. 20.000, hámark kr. 15.000
Heilsustofnun NLFÍ:	50% af dvalarkostnaði, hámark kr. 50.000 á 3ja ára fresti
Glasa-/tæknifrjógvun:	50% af meðferðarkostnaði, hámark kr. 50.000 á 3ja ára fresti
Dánarbætur:	kr. 300.000
Dánarbætur:	kr. 200.000 v/lífeyrisþega
Lasík augnaðgerðir:	35% af aðgerð, hámark kr. 50.000 á 3ja ára fresti

Veikindi í orlofi

Veikist starfsmaður í orlofi innanlands það alvarlega að hann geti ekki notið orlofsins skal hann á fyrsta degi tilkynna það atvinnurekanda, t.d. með tölvuþósti. Fram skal koma hjá hvaða lækni hann hyggst fá læknisvottorð.

Sama gildir ef starfsmaður veikist í landi innan EES-svæðisins, í Sviss, Bandaríkjunum eða Kanada, það alvarlega að það leiði til sjúkrahúsvistar (í einn eða fleiri daga).

Fullnægi starfsmaðurinn tilkynningarskyldunni og standi veikindin lengur en í þrjá sólarhringa innanlands eða sex sólarhringa innan EES-svæðisins, í Sviss, Bandaríkjunum eða Kanada, á hann rétt á uppbótarorlofi í jafn langan tíma og veikindin sannanlega vöruðu. Undir framangreindum kringumstæðum skal starfsmaður ávallt færa sönnur á veikindi sín með læknisvottorði.

Uppbótarorlof skal, eftir því sem kostur er, veitt á þeim tíma sem launþegi óskar og skal veitt á tímabilinu 2. maí til 15. september, nema sérstaklega standi á.

Orlofsuppbót

Uppbótin greiðist þann 1. júní miðað við starfshlutfall og starfstíma á orlofsárinu, öllum starfsmönnum sem verið hafa samfelt í starfi hjá atvinnurekanda í 12 vikur á síðustu 12 mánuðum m.v. 30. apríl eða eru í starfi fyrstu viku í maí.

Orlofsuppbót á árinu 2010 er kr. 19.500 miðað við fullt starf en hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma.

Hverjir eiga rétt á orlofsuppbót?

Uppbótin greiðist þann 1. júní miðað við starfshlutfall og starfstíma á orlofsárinu, öllum starfsmönnum sem verið hafa samfelt í starfi hjá atvinnurekanda í 12 vikur á síðustu 12 mánuðum m.v. 30. apríl eða eru í starfi fyrstu viku í maí.

Orlofsuppbót innifelur orlof, eru föst tala og tekur ekki breytingum skv. öðrum ákvæðum. Áunna orlofsuppbót skal gera upp samhliða starfslokum verði þau fyrir gjalddaga uppbótarinnar.

Ávinnsla orlofsuppbótar í fæðingarorlofi

Eftir eins árs starf hjá sama vinnuveitanda teljast fjarvistir vegna lögbundins fæðingarorlofs til starfstíma við útreikning orlofsuppbótar. Sama gildir ef kona þarf af öryggisástæðum að leggja niður störf á meðgöngutíma, sbr. reglugerð um ráðstafanir til þess að auka öryggi og heilbrigði á vinnustöðum fyrir konur sem eru þungaðar, hafa nýlega alið barn eða hafa barn á brjósti.

Frí gegn orlofsuppbót

Heimilt er með samkomulagi milli starfsmanns og vinnuveitanda að fella niður eða lækka orlofsuppbót og veita samsvarandi frí í staðinn, sem tekur mið af launum hvers og eins. Frí þetta skal veita í heilum eða hálfum dögum.

Er trúnaðarmaður á þínum vinnustað?



„Hér er mjög gott að vera“

Einar Pálsson starfar sem trúnaðarmaður félagsins á þjónustustöð Olís við Tryggvabraut á Akureyri. Hann hefur starfað sem trúnaðarmaður í tæpt eitt ár og á síðasta aðalfundi var hann kosinn í trúnaðarráð félagsins. Tíðindamaður blaðsins leit við á Olís og fékk hann í smá spjall.

Einar hefur búið á Akureyri frá því vorið 2006 og líkar mjög vel. „Ég er með ung börn og efast um að hægt sé að halda jafnvel utan um fjölskylduna í Reykjavík eins og hérna. Hér er mjög gott að vera og allt til alls, bæði afþreying og þjónusta, og bæjarstæðið alveg sérstaklega fallegt. Olís er fyrirtæki sem stendur vel, er góður vinnuveitandi og styður vel við sitt starfsfólk.“

Einar var áður trúnaðarmaður hjá stóru og öflugri markaðsfyrirtæki í Reykjavík og var tilbúinn til að gegna því starfi á ný þegar félagar hana á stöðinni stungu upp á honum í starfið. „Ég verð að viðurkenna að mér finnst stéttarfélagið hér vera mun sterkara en stóra félagið sem ég var í fyrir sunnan. Hér fæ ég t.d. meiri stuðning, þar var ekki gefinn tími til að fara á trúnaðarmannanámsskeið eða nokkuð annað. Hér standa menn betur vörð um sín málefni og þó að margir styrkleikar séu í stærðinni, þá er mín kynning af félaginu hér þannig að það sé betra félag fyrir okkur félagsmennina.“

Trúnaðurinn er mikilvægastur

Einar er búinn að sitja trúnaðarmannanámsskeið 1 og er

Standist þrýsting!

Launþegar geta staðið frammi fyrir því að vinnuveitendur þrýsti á um gerð fastlaunasamninga, ráðningarsamninga eða starfslokasamninga. Mikilvægt er að skrifa ekki undir samninga nema að vel athuguðu máli og að höfðu samráði við stéttarfélag sitt. Slíkt hafa launþegar fulla heimild til að gera og eiga að notfæra sér þann rétt.

Samfélagsstyrkir

Félagssjóður styrkti starf mæðrastyrksnefndar um kr. 400.000 á árinu og Dag- og göngudeild geðdeildar FSA um kr. 100.000 til kaupa á innbúi í nýtt húsnæði. Þá var gerður samningur við Iðnaðarsafnið um kr. 100.000 árlegt framlag til 5 ára. Styrktarlínur til ýmissa félagasamtaka voru rúmlega kr. 147.000 auk árlegra framlaga til Háskólans á Akureyri og Neytendasamtakanna.



Félagarnir á vaktinni. F.v. Einar og Þórir.

á leið á námskeið nr. 2 á næstunni. „Ég hef ekki þurft að leita eftir aðstoð til skrifstofu félagsins, reyndar kom upp leiðindamál hjá okkur á stöðinni meðan ég sat námskeiðið, en þar fékk ég alla þá aðstoð sem ég þurfti. Fyrir utan þetta eina atvik hefur starfið gengið mjög vel.“

Einar segir að það mikilvægasta í starfi trúnaðarmannsins sé einmitt trúnaður. „Það má segja að þú sért augu og eyru vinnustaðarins. Starfsmenn verða að geta leitað til þín og það þarf að passa mjög vel upp á þennan trúnað. Einnig þarf maður að vera hlutlaus, þannig að starfsmenn geti líka leitað til þín sem félagi. Málin þurfa ekki endilega að vera vinnutengd.“

Einari líst alveg ljómandi vel á að vera kominn í trúnaðarráð félagsins því hann segist hafa bæði sterkrar skoðanir á þessum málum og mikinn áhuga. „Það er mjög jákvætt að geta fylgst betur með og nú ætti ég að geta fengið betri upplýsingar um stöðu mála hjá félaginu og get þannig upplýst samstarfsfólkið betur um hvað er að gerast,“ segir Einar að lokum.

Nýtið ykkur starfsmenntasjóð!

465 styrkir voru veittir til félagsmanna á árinu 2009 úr starfsmenntasjóði, alls að upphæð kr. 8.300.000. Inngreiðslur í sjóðinn voru um kr. 10.000.000 þannig að mismuninn þurfti að senda til höfuðstöðva sjóðsins í Reykjavík.

FVSA hvetur alla félagsmenn sína til að kynna sér réttindi sín til endurgreiðslu. Allt nám er styrkhæft sem og tómstundanámsskeið hvers konar ef þau eru haldin af viðurkennum aðilum. Endurgreiðsla miðast við punkta-söfnun félagsmanns, sem myndast vegna félagsgjalda.

Upphæð endurgreiðslna er allt frá því að vera kr. 3.000, sem er helmingur af skráningargjaldi í framhaldsskóla, upp í að vera um og yfir kr. 100.000 vegna háskólanáms. Meðaltalsupphæð á endurgreiðslu er tæplega kr. 18.000. Endurgreiðsla er á bilinu 50% til 75% af námskeiðsgjaldi.

Munið eftir www.fvsa.is